

Miðvikudaginn 22. maí 1940.

Kærumálið nr. 1/1940. Þórhallur Jón Snjólfsson
gegn

Jakobi Jónssyni f. h. eiganda og út-
gerðarmanna l/v „Aldan“ E. A. 625

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Sigurði Egg-
erz, bæjarfógeta á Akureyri, og meðdómsmönnum
hans Benedikt Steingrímssyni og Kristjáni Árnasyni.

Með kæru, dags. 5. apríl, kominni til hæstaréttar
10. maí s. á, hefir kærandi skotið til hæstaréttar
samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 ákvæði um
málskostnað í dómi sjó- og verzlunardóms Akur-
eyrar frá 30. marz 1940 og krefst þess, að téð ákvæði
verði úr gildi fellt og að stefndi verði dæmdur til að
greiða honum málskostnað í héraði í máli þessu sam-
kvæmt framlögðum reikningum, samtals kr. 236.70.
Auk þess krefst kærandi þess, að stefndi verði dæmd-
ur til þess að greiða honum kærumálskostnað fyrir
hæstarétti, kr. 135.10. Stefndi hefir ekki sent dóm-
inum greinargerð um málið.

Enda þótt héraðsdómurinn tæki aðaldómkröfur
kæranda til greina í máli þessu, verður ekki betur
séð, en að stefndi hafi fært fram svo mikil rök fyrir
mótmælum sínum gegn greiðslu meiri hluta kröf-
unnar, að málið hafi að því leyti verið nægilega vafa-
samt til þess, að málskostnaður væri látinn falla nið-
ur samkvæmt 178. gr. laga nr. 85/1936. Þykir því
mega staðfesta málskostnaðarákvæði áðurnefnds
héraðsdóms.

Í framhaldsgreinargerð átelur umboðsmaður kær-

anda það, að héraðsdómarinn hefir tekið ritlaun fyrir hvert þeirra þriggja eintaka, sem öll eru handrituð, af eftirriti varðandi kærumálið. Með því að þetta virðist vera samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938, verður að láta við það sitja.

Því dæmist rétt vera:

Málskostnaðarákvæði framangreinds héraðsdóms á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 30. marz 1940.

Mál þetta hefir höfðað Jón Snjólfsson fyrir sjó- og verzlunarrétti Akureyrar með stefnu, dags. 12. jan. 1940, gegn skipstjóra Jakobi Jónssyni, Eiðsvallagötu 9, Akureyri, f. h. eiganda og útgerðarmanna l/v Aldan E. A. 625 til greiðslu á vangoldnu kaupi Þórhalls sem vélstjóra á l/v Aldan seinni hluta ársins 1939, að upphæð kr. 850.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. jan. 1940 til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 158.00, og síðar hefir verið bætt við hann kr. 78.70.

Ennfremur gerir stefnandinn kröfu til sjóveðréttar fyrir umstefndum upphæðum í l/v Aldan E. A. 625, bæði skipi, vél og öðrum skipsútbúnaði.

Stefndi hefir mótmælt kröfunum að undanskildum kr. 160.03. Krefst hann, að sér verði greiddur málskostnaður kr. 150.00, og á síðara stigi málsins gerir hann ennfremur kröfu til kr. 99.05 til viðbótar við málskostnaðinn.

Krafa stefnanda er á reikningi hans, réttarskjali 3.

Stefndi mótmælir hluta úr Englandsför, kr. 910.00, er hann samkvæmt reikningi sínum á réttarskj. 2 telur kr. 502.08. Þá telur stefnandinn, að ranglega séu taldar 200 kr. greiddar til frú Aspar, en þessi upphæð virðist falin í 300 kr. á réttarskj. 2.

Loks telur stefndur, að stefnandinn hafi átt að greiða fæðiskostnað, kr. 82.50, en þessi upphæð er ekki færð stefnanda til útgjalda á réttarskj. 3.

Samkvæmt því sem stefndi þannig heldur fram, hækkar

reikningurinn á réttarskj. 3 um kr. 690.42, og verða þá eftir kr. 160.03, en þá upphæð hefir stefndur viðurkennt.

Aðalágreiningur í málinu er um það, hvort stefnandinn sé ráðinn upp á kaup eða ráðinn upp á hlut.

Samkvæmt réttarskj. 11 er stefnandinn ráðinn með samningi upp á kaup. Umboðsmaður stefnanda segir, að kaupð hafi átt að vera samkvæmt ráðningarsamningnum og samningi Vélstjórafélags Íslands við útgerðarmenn kr. 390.00 á mánuði með 200% hækkun á stríðshættusvæðinu. Ennfremur segir hann, að ferðin hafi tekið 36 daga, en 17 dagar hafi verið á hættusvæðinu.

Upplýst virðist, að stefnandinn hafi ekki verið í Vélstjórafélagi Íslands, en hinsvegar í Vélstjórafélagi Akureyrar og í Dagsbrún.

En það þykir ekki ástæða til að fara nánara inn á þessi atriði, þar sem kaupun, sem stefnandinn kveðst vera ráðinn upp á, hefir eigi verið mótmælt, og virðist því mega ganga út frá því, að samkvæmt skráningunni hafi kaup hans í Englandstúrnum átt að vera kr. 910.00.

Eftir er þá að íhuga það atriðið, hvort fyrir liggi eða hafi átt sér stað síðar samningar milli stefnanda og stefnda upp á hlut, er upphefji samninginn á réttarskj. 11. Skriflegir samningar um hlutaráðningu eru engir. 4 af 7 skipverjum hafa gefið yfirlýsingu um, að þeir hafi verið ráðnir upp á hlut, réttarskj. 6, en 2 skipverjar, stefnandinn og Hermann Sigurðsson, hafa neitað því.

Af þessum 4 mönnum, sem gáfu vottorðin á réttarskj. 6, hefir einn lýst yfir, að stefnandinn hafi verið með í því að biðja um hlutaráðningu, en tveir segja, að stefnandinn hafi verið við, þegar talað var um hlutaráðninguna við skipverja, en hinsvegar hafi þeir eigi heyrt hann samþykkja hlutaráðninguna, en 1 segist ekki vita til, að stefnandinn hafi verið við, þegar talað var um hlutaráðninguna. Þá hefir Jón Benediktsson, sem aðstoðaði stefnda við að gera upp Englandstúrinn, borið, að stefnandinn hafi 4 sinnum átt tal við hann út af reikningi hans, án þess að hann hafi tekið fram, að hlutur hans úr Englandskerðinni væri rangt gerður upp.

Í fyrsta skipti kom hann til að sjá, hvað hár hluturinn væri úr Englandskerðinni og hvernig reikningurinn stæði.

Gaf hann honum þá á lausum miða hlutarupphæðina

úr túrnum og annað innlegg, sem komið var til vitnisins frá sumrinu.

Í 2. sinn kom Þórhallur með vinnureikninga sína frá sumrinu yfir aukavinnu, og segist vitnið hafa gengið til fullnustu frá innleggs hliðinni á reikningi hans. Segir hann, að reikningar hans hafi verið teknir til greina. Þá kom Þórhallur einu sinni til hans og tók á móti peningagreiðslu, sem hann kvittaði fyrir.

Að síðustu segir hann svo, að Þórhallur hafi komið til hans daginn, sem hann fór héðan úr bænum til suður-landsins, og fékk hann þá afrit af reikningi sínum.

Þá hefir Hermann Sigurðsson vottað á réttarskj. 16, að þegar hann kom heim úr Englandsförinni, þá hafi Karl Friðriksson viljað fá hann til að undirrita skjal og samþykkja, að hann hafi verið ráðinn upp á prósentur, en hann segist hafa neitað því. Segir hann, að Karl Friðriksson hafi sagt, að Jón Þ. Snjólfsson mundi samþykkja prósentur, ef hann samþykkti. Segist hann þá hafa sagt, að sig varðaði ekki um, hvað Jón Þ. Snjólfsson segði. Þessi vitnisburður hefir eigi verið staðfestur, en honum hefir verið mótmælt sem óstaðfestum. Hinir vitnisburðir í málinu hafa verið staðfestir, en gildi þeirra sumra hefir verið mótmælt, eins og vitnisburði 1. stýrimanns, með því hann væri í þjónustu stefnds, en stýrimaðurinn bar, að stefnandinn hefði viljað fá hlutaskipti. En það þykir ekki ástæða að fara inn á mat á gildi vitnisburðanna, þar sem að telja verður, að lögfull sönnun sé ekki færð fyrir því, að stefnandinn hafi samþykkt hlutaskipti.

Af sömu ástæðu þykir ekki ástæða til að fara inn á, hvernig hlutaskiptin áttu að vera.

Samkvæmt því, sem tekið er fram hér að ofan, ber að leggja réttarskj. 11 til grundvallar, og þykir þá mega ganga út frá því, að kr. 910.00 sé það kaup, sem stefnandinn átti að fá fyrir Englandsferðina.

Þar sem að gengið er út frá því, að stefnandinn hafi verið ráðinn upp á kaup, þá virðist hann ekki eiga að greiða fæði sitt, og verður því krafan um kr. 82.50 af stefnds hálfu eigi tekin til greina.

Þar sem að ekki hefir verið lögð fram viðurkenning frá frú Aspar um, að hún hafi veitt móttöku kr. 200, en hún þvert á móti hefir neitað greiðslunni, þá verður sú krafa

heldur eigi tekin til greina, og ekki þykir heldur fært að láta það atriði vera komið undir eiði.

Þá ber að taka til greina sjóveðskröfuna, eins og hún er gerð, að frádregnum kr. 208.00, kaupir fyrir vinnu, sem virðist unnin utan skráningartímans.

Þar sem því verður ekki neitað, að líkur eru mjög miklar fyrir, að um hlutaráðningu væri að ræða, þar sem líkur eru einnig fyrir því, að frú Aspar hafi verið greiddar 200 kr., þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jakob Jónsson f. h. eiganda og útgerðarmanna l/v Aldan, greiði stefnandanum, Þórhalli J. Snjólfsyni, kr. 850.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. jan. 1940 til greiðsludags.

Stefnanda tildæmist sjóveðréttur fyrir kr. 642.45 í l/v Aldan E. A. 625, bæði skipi og vél og öðrum skipsútbúnaði.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1940.

Nr. 58/1939. Kreppulánasjóður og hreppsnefnd Saurbæjarhrepps f. h. hreppsins

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Magnúsi Kristjánssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Um forkaupsrétt að jörð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri og sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæsta-